

Ársskýrsla 2010



Stjórn Samtaka iðnaðarins 2010



Helgi Magnússon
formaður



Sigsteinn P. Grétarsson
Marel hf..



**Aðalheiður
Héðinsdóttir**
ritari
Kaffitár ehf.



Vilborg Einarsdóttir
Mentor



**Tómas Már
Sigurðsson**
Alcoa Fjarðaál



Loftur Árnason
varaformaður
Ístak hf.



Bolli Árnason
GT Tækni

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð sex körlum og tveimur konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslum í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfundu. Reglur um stjórn eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun er innan stjórnarinnar og það er án nokkurs vafa einn helsti styrkur SI að enginn getur setið lengur en sex ár í stjórninni. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Andri Þór Guðmundsson
Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf.

Markviss verðmætasköpun leið út úr kreppunni

Mikið hefur gengið á í íslensku efnahagslífi undanfarin tvö og hálf ár. Atvinnuleysi er í sögulegu hámarki, fjárfestingar í sögulegu lágmarki, skattþíning dregur mátt úr fólki og fyrirtækjum og raunveruleg hættu er á að við missum úr landi hæft fólk og dýrmæta þekkingu.

Samtök iðnaðarins hafa frá hrúni hvatt til aðgerða sem tryggja stöðugleika, leiða til hagvaxtar og verðmætasköpunar með aukinni framleiðslu, skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda og virkjun mannauðs. Samtökin hafa, ásamt félagsmönnum sínum og fjölmörgum samstarfsaðilum, efnt til átaks sem heitir *Ár nýsköpunar* og stendur í heilt ár frá byrjun nóvember síðastliðins. Markmið verkefnisins er að efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi, að kynna það sem vel er gert og hvetja sem flesta til dáða í verðmætasköpun. Þannig viljum við m.a. efla útflutning íslenskra fyrirtækja og festa í sessi samstarf um þróunarstarf á mikilvægum sviðum. Þá viljum við auka framboð á fólki til nýsköpunarstarfa í fyrirtækjum til langs tíma með því treysta mennta- og þekkingarstig í atvinnulífinu.

Grundvallaratriði er að innlent stoðkerfi atvinnulífsins, skattkerfið og umhverfi fjárfestingar sé aðgengilegt, skýrt og traustvekjandi.



Samtök iðnaðarins telja að leiðin út úr kreppunni liggi gegnum markvissa verðmætasköpun. Við vitum að það ólgar mikill kraftur í fyrirtækjum okkar og fólki innan iðnaðarins og að vilji er fyrir hendi til að vinna sig út úr vandanum.

Umgjörð atvinnulífsins þarf að vera hvetjandi. Annars næst ekki árangur.



Verðbólga og vextir í takti við efnahagssamdráttinn

Árið 2010 minnkaði verðbólga jafnt og þétt úr 6,6% í 1,8% en það er minnsta verðbólga sem mælst hefur síðan snemma árs 2003. Stýrivextir lækkuðu einnig verulega, eða úr 9,5% í 4,25%. Á sama tíma hefur gengi krónunnar verið nokkuð stöðugt enda í skjóli gjaldeyrishafta. Vissulega er ánægjulegt að verðbólgan hjaðnar hratt og örugglega en þróunin er til marks um þann alvarlega samdrátt sem enn á sér stað í íslensku efnahagslífi. Horfur eru á að verðbólga verði lítil um sinn en líklegt er að vextir lækki ekki miklu meira. Mörgum þykir þetta skjóta skökku við enda vextir hér mun hærrí en í nágrennalöndum okkar þó að kreppan sé óvída dýpri en hér.



Verðbólguþróun

Eftir að gengi krónunnar hrundi haustið 2008 náði verðbólga hámarki í 18,5% í ársbyrjun 2009. Síðan þá hefur

verðbólga hjaðnað jafnt og þétt eftir því sem áhrif gengislækkunar krónunnar þverra. Það, sem öðru fremur veldur lítilli verðbólgu, er sá mikli sam-

dráttur í eftirspurn sem ríkir í hagkerfinu. Í stöðnun geta seljendur vöru og þjónustu tæpast hækkað verðið. Laun standa í stað og fasteignaverð hefur lækkað nokkuð en það hefur dregið úr verðbólgunni. Horfur eru á að fasteignaverð hafi náð lágmarki og að nokkur fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefjist fyrr en síðar enda er nokkur eftirspurn eftir litlum og ódýrum íbúðum. Þeir þættir, sem einkum hafa haft áhrif á vöxt verðbólgu að undanfögnu, eru hækkunar opinberra gjalda, s.s. raforkuverðs. Einnig hefur bensínverð hækkað, bæði vegna hækkingar heimsmarkaðsverðs og hækkingar opinberra gjalda. Loks hefur gengi krónunnar gefið nokkuð eftir síðustu mánuði. Aðstæður á vinnumarkaði valda líklega mestri óvissu en erfiðir kjarasamningar eru framundan þar sem hætt er við verkföllum. Til að tryggja góð starfskilyrði iðnaðar er mikilvægt að hægt verði að ljúka kjarasamningi til þriggja ára með hóflegum launahækkunum.

Gengisþróun og gjaldeyrishöft

Í raun er markleysa að tala um þróun á gengi krónunnar við skilyrði gjaldeyrishafta þar sem Seðlabankinn getur stýrt gengi krónunnar eins og honum hentar. Krónan styrktist nokkuð á síðasta ári en undir lok ársins tók Seðlabankinn að nýta þau tækifæri sem gáfust til að kaupa gjaldeyri fyrir krónur til að safna í óskuldsettan gjaldeyrisforða. Líklega hefur það ýtt undir

nokkra veikingu krónunnar undir árslok.

Sennilega eru allir sammála um skaðsemi gjaldeyrishaftanna. Þau valda mikilli tortryggni á íslenskt efnahagslíf og koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og fjárfestingar. Gjalddeyrishöftin eru auðvitað yfirlýsing þess efnis að krónan sé ekki alveg í lagi. Nýlegar kannanir benda eindregið til að þess að atvinnulífið hafi takmarkaða trú á að krónan geti orðið framtíðargjaldmiðill. Í mars næstkomandi er von á áætlun frá Seðlabankanum um að höftin verði afnumin. Að mati Samtaka iðnaðarins er mikilvægt að innan skamms verði tekin markverð skref í þessu efni og raunar eru fullar forsendur fyrir tilteknum skrefum þegar í stað.

Samhliða afnámi hafta þarf að leggja drög að peningastefnu til framtíðar. Ný peningamálastefna þarf annars vegar að varða leiðina út úr gjalddeyrishöftum og hins vegar að tryggja nauðsynlegan stöðugleika, bæði varðandi gengi og verðlag.



Samtök álframleiðenda taka til starfa

Samtök álfyrirtækja á Íslandi – Samál – tóku formlega til starfa 18. nóvember en markmið samtakanna er að vinna að hagsmunum og framþróun íslensks áliðnaðar og auka upplýsingagjöf um áliðnaðinn. Þorsteinn Víglundsson er framkvæmdastjóri samtakanna og hefur aðsetur á skrifstofu Samtaka iðnaðarins. Á meðfylgjandi mynd sem tekin var við stofnun Samáls er Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og nýráðinn framkvæmdastjóri, Þorsteinn Víglundsson.



Gæðavottanir SI

Fimm fyrirtæki bættust í hóp þeirra sem hlotið hafa vottun áfangaskiptrar gæðavottunar SI og þrjú fyrirtæki hækkuðu sig um vottunarþrep

Launafl hlaut snemma árs B-vottun SI fyrst allra fyrirtækja á Íslandi og síðar á árinu bættust við GT tækni og Trésmiðjan Akur. Þá hlutu Blikksmiðja Guðmundar, Rafeyri, SÁ verklausnir, Rafey og G. Helgason D-vottun. Sá síðasttaldi er fyrsti málaraverktakinn sem hlýtur vottun innan gæðakerfis SI.

Skúlaverðlaunin 2010



Kristín Sigfríður Garðarsdóttir hlaut verðlaunin fyrir ný glös á fæti á sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsinu.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, afhenti Kristínu verðlaunin sem Samtök iðnaðarins styrkja.

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn sem þátttakendur kynna. Rúmlega fjórtíu tillögur bárust að þessu sinni frá 29 aðilum. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon, fógeta, sem var frumkvöðull smáíðnaðar í Reykjavík á 18. öld.

Stjórnarkjör SI

Að venju fór fram stjórnarkjör í tengslum við Iðnþing. Kjörið fer fram með póstkosningu og úrslit eru kunngerð á Iðnþingi. Kosningaþátttaka var rúm 68% og vægi atkvæða félagsmanna er í samræmi við greidd félagsgjöld.

Helgi Magnússon, Eignahaldsfélagi Hörpu ehf., var endurkjörinn formaður en hann hefur verið formaður SI frá 2006. Þar áður sat hann í stjórn Samtakanna árin 1995 til 2001.

Samkvæmt lögum Samtaka iðnaðarins er gert ráð fyrir að stjórnarmenn og formenn sitji ekki lengur í stjórn en sex ár samfleytt. Vegna þessarar reglu hverfur Þorsteinn Víglundsson nú úr stjórn.

Að þessu sinni var kosid um þrjú stjórnarsæti til tveggja ára. Þau sem náðu kjöri voru Bolli Árnason, GT Tækni ehf., Sigsteinn P.

Grétarsson, Marel hf. og Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf. Fyrir í stjórninni voru þau Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., Loftur Árnason, Ístaki hf. og Tómas Mór Sigurðsson, Alcoa Fjarðaáli. Stjórn Samtaka iðnaðarins skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum og er Loftur Árnason varaformaður en Aðalheiður Héðinsdóttir ritari.

Þau fjögur, sem næst voru því að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru Anna María Jónsdóttir, Heilsueyjunni ehf., Hilmar V. Pétursson, CCP hf., Ingvar Kristinsson, Fjölblendi hf., og Ólafur Steinarsson, Plastprenti hf.



Helgi Magnússon
endurkjörinn



Þorsteinn
Vígundsson gengur
úr stjórn



Bolli Árnason GT
Tækni nýr í stjórn



Sigsteinn P.
Grétarsson, Marel
hf. nýr í stjórn



Vilborg Einarsdóttir,
Mentor ehf. ný í
stjórn

Fjöreggið 2010



Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Mátis, hlaut Fjöregg MNÍ 2010 sem veitt er fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði. Ólafur hlaut verðlaunin fyrir rannsóknir sem stutt hafa við nýsköpun og frumkvöðlastarf við ræktun, vinnslu byggs og framleiðslu á afurðum úr byggi.

Fjöreggið er íslenskt glerlistaverk, hannað og framleitt hjá Gleri í Bergvík. Samtök iðnaðarins gáfu verðlaunagripinn og veitt Ólafur honum viðtöku úr hendi Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra SI.

Félagsfundur um aðildarviðræður við ESB

Almennur félagsfundur var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 14. apríl.

Tilgangur fundarins var að ræða um samningaviðræður Íslands og ESB um aðild Íslands að ESB. Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika, sagði frá kynnisferð 13 frumkvöðla til höfuðstöðva ESB í Brussel þar sem þrettán manns úr ólíkum greinum sátu fyrirlestra og fræddust um Evrópusambandið. Stefán Haukur Jóhannesson, sem fer fyrir samninganefnd Íslands, fræddi fundargesti um ferli aðildarviðræðanna.

Að erindum loknum var mælendaskrá opnuð og nokkrir fundargesta tóku til máls. Meðal annars var fjallað um súrálstolla ESB sem munu hafa mikil áhrif á álframleiðendur, veikt pólitískt bakland og hvernig unnt sé að hraða ferlinu inn í myntsamstarf.

Fundurinn þótti takast vel og ljóst er að mikil þörf er fyrir að ræða það ferli sem er í gangi og gæta hagsmuna iðnaðarins og atvinnulífsins alls.



Stóru málin áberandi í starfi SUT

Stóru málin voru áberandi í starfi SUT, mál eins og endurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar, stuðningur við markaðsmál, rafræn opinber þjónusta, málefni Tækniþróunarsjóðs og rafræn viðskipti svo að fátt eitt sé nefnt. Félagsmönnum SUT hefur fjölgað jafnt og þétt á árinu eða um alls 12-14 fyrirtæki. Engar úrsagnir hafa verið á árinu. Á síðasta ári varð einnig nokkur fjölgun félagsmanna, ekki síst með tilkomu Félags íslenskra tölvuleikjaframleiðenda.

Fulltrúar SUT tóku ríkan þátt í undirbúningi og framkvæmd Dags upplýsingatækninnar sem haldinn var í Salnum í Kópavogi hinn 20. maí en það var í fimmta sinn sem dagurinn er haldinn. Haldin var ráðstefnan „Horft til framtíðar“ og áttu upplýsingatækniidnaðurinn og stjórnvöld stefnumót þar sem rætt var um hvað læra megi af þeim fyrirtækjum sem náð hafa góðum árangri í útflutningi hugbúnaðar og hvað stjórnvöld geta gert til að hlúa að áframhaldandi uppbyggingu iðnaðarins.

Leikjadagurinn og The future is bright

Hópur SUT fyrirtækja, sem saman mynda Félag íslenskra tölvuleikjaframleiðenda, stóð ásamt HR fyrir „leikjadegi“ í húsnæði HR við Nauthólsvík, í maí. Tilgangurinn var að styrkja og efla vaxtarmöguleika íslenska tölvuleikjaiðnaðarins og fagna því að tölvunarfræðideild HR hafði formlega hafið samstarf við IGI og leikjaiðnaðinn um kennslu og rannsóknir á sviði tölvuleikja.

SUT og ICEPRO

SUT hefur nú sem undanfarin ár haldið áfram starfi sínu innan ICEPRO sem er vettvangur samstarfs um rafræn viðskipti. Hlutverk vettvangsins er að tryggja einfalt og samræmt verklag í rafrænum viðskiptum þar sem alþjóðlegar verklagsreglur og staðlar á sviði rafrænna viðskipta eru lagðir til grund-



vallar. ICEPRO vinnur að útbreiðslu þessara reglna á Íslandi en í stjórn sitja fulltrúar atvinnulífsins, opinberra stofnanna og viðskiptaráðuneytisins.

Fundaraðir SUT

Í framhaldi af verkefni SUT og Íslandsstofu kom fram að mikil þörf væri

á að skapa vettvang fyrir fyrirtæki í upplýsingatækni, sem annað hvort eru í útflutningi eða ætla sér það í framtíðinni, til að hittast og ræða málin. Uppúr því hefur verið sett á laggirnar fundaröð þar sem fulltrúar úr fyrirtækjunum hittast og deila reynslu sinni. Fundirnir verða haldnir á tveggja mánaða fresti.

Þekkingaskýrslur

SUT hlaut á sínum tíma styrk frá námsefnissjóði Samtaka iðnaðarins til að vinna námsefni um gerð þekkingarskýrslna. Þessari vinnu er nú lokið. Verkefnið var í höndum dr. Eggerts Claessen fyrrum formanns stjórnar SUT en hann og Daði Friðriksson stjórnarmaður í SUT stýrðu verkinu.



Ný samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja voru stofnuð innan Samtaka iðnaðarins í nóvember. Markmið þeirra er að vinna að hagsmunamállum matvælafyrirtækja sem vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum. Eftirtaldir voru valdir í stjórn á stofnfundi: Guðni Ágústsson, formaður, Sigurður Jóhannesson, varaformaður, Einar Sigurðsson, Gunnar Gíslason og Magnús Freyr Jónsson meðstjórnendur. Fyrstu viðfangsefni hópsins eru aðstoð við félagsmenn í tengslum við innleiðingu nýrrar matvælaeaglugerðar og samskipti við stjórnvöld vegna breytinga á reglum um verðmerkingar matvæla og breyttar reglur um meðferð sláturúrgangs.

Limbó í lögum um stuðning við nýsköpun í fyrirtækjum

Frumvörp um endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum voru samþykkt á Alþingi í desember 2009. Að þeirri samþykkt stóðu þingmenn allra flokka. Lögin öðluðust gildi í byrjun árs 2010.

Fagnaðarefni og miklar væntingar

Samþykkt laganna var mikið fagnaðarefni enda hafði efni þess verið eitt helsta baráttumál SI varðandi nýsköpun í fyrirtækjum um langt skeið. Markmið laganna var að bæta samkeppniskeyrði fyrirtækja sem byggjast á nýsköpun og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita fyrirtækjum rétt til sérstaks viðbótar skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að almenningur og lögaðilar fjárfesti í „nýsköpunarfyrirtækjum“ að tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Árið 2010 bárust Rannís umsóknir frá 100 fyrirtækjum sem óskuðu endurgreiðslu vegna 150 rannsókn- og þróunarverkefna samkvæmt þessum

lögum. Milli 30-40 þeirra sóttu jafnframt um skráningu vegna útgáfu nýs hlutfjár. Segja má að með þessu hafi byggst upp miklar væntingar um að loksins yrði komið með myndarlegum hætti til móts við mikilvægt nýsköpunarstarf í fyrirtækjum.

Babb í bátinn frá ESA

Þrátt fyrir góðan ásetning Alþingis og stjórnvalda tók innleiðing nýsköpunarlaganna óhóflega langan tíma, fyrst vegna mótunar umsóknarferlis og leiðbeiningarhandbókar, þá vegna skorts á reglugerð og loks vegna þess að þegar fara átti að afgreiða umsóknir vantaði staðfestingu ESA á því að þau brytu ekki í bága við samkeppnisákvæði EES – samningsins. Rannís gat því ekki

afgreitt þessar umsóknirnar árið 2010 eins og lögin gerðu ráð fyrir.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, gerði athugasemdir bæði við lögin og reglugerðirnar. Því var ekki unnt að afgreiða þær umsóknir sem bárust Rannís. Þetta urðu mikil vonbrigði og var sem blaut tuska í „andlit“ þeirra fyrirtækja sem í góðri trú höfðu lagt tíma og fyrirhöfn í að sækja þann rétt sem framangreind lög höfðu fært þeim. Skrifa verður mistökinn í þessu efni á stjórnýsluna, sem láðist að fullnægja kröfum EES – samningsins um samþykki ESA á lögum sem þessum áður en þau eru samþykkt á Alþingi. Afleiðingar þessara mistaka eru heldur kaldar kveðjur ESA sem síður en svo hafa orðið málinu til framdráttar.

Nýtt frumvarp í nóvember 2010

Til að bregðast við athugasemdom ESA lagði fjármálaráðherra fram nýtt frumvarp í lok nóvember. Ákvæðin um skattvildun vegna hlutabréfakaupa voru felld niður tímabundið en endurgreiðsluhlutinn var færður nær norsku leiðinni SkatteFunn til að nýta betur fordæmi Norðmanna gangvart ESA. Tækifærið var nýtt til að rýmka heimildir bæði varðandi þök og þróskulda ásamt því að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 15 í 20% til samræmis við norska kerfið. Lágmarkskostnaður var þannig lækkaður úr fimm milljónum króna í eina og þökin úr 50 í 100 m.kr. og 75 í 150 m.kr. ef um samstarf er að ræða. Þetta breytingafrumvarp var samþykkt fyrir síðustu áramót.

Með nýju frumvarpi var stefnt að því að lagfæra ákvæði fyrri laga sem varða endurgreiðslu rannsókna- og þróunar-kostnaðar þannig að unnt yrði að afgreiða umsóknir sem bárust árið 2010 lítið breyttar. Þegar þetta er skrifað (í febrúar 2011) liggur þó enn ekki fyrir endanlegt samþykki ESA gangvart þeim fyrirtækjum sem sóttu um endurgreiðslu árið 2010.

SI sáu þann kost vænstan að styðja þá meginhugsun í hinu nýja frumvarpi að tryggja sem hraðasta innleiðingu þeirra þátta laga (nr. 152/2009) sem ESA taldi að mætti innleiða án formlegrar rannsóknar (6-10 mánaða töf) innan EES. Samtökin bentu jafnframt á nauðsyn þess að ganga lengra að lyfta þaki varðandi hámark kostnaðar hjá hverju fyrirtæki upp í 750 MISK til að koma til móts við stærri nýsköpunarfyrirtæki sem vilja halda áfram að vaxa á Íslandi. Íslendingar eiga í harðri samkeppni hvað varðar starfsskilyrði við ríki sem sækjast markvisst eftir að laða til sín stöndug tæknifyrirtæki þar sem slík fyrirtæki greiða alla jafnan hærri laun og nýta háskólamenntað fólk í ríkari mæli en önnur.

SI leggja þunga áherslu á að halda hlutabréfættinum inni

Á fundi með Efnahags- og viðskipta-

nefnd lögðu Samtök iðnaðarins þunga áherslu í umsögn sinni á mikilvægi þess að halda fast til haga ákvæðum nýsköpunarlaganna um afslátt vegna hlutabréfakaupa almennings og lögaðila í nýsköpunarfyrirtækjum og að þau atriði komi til framkvæmda með skattuppgjöri ársins 2010 og skattframtali í mars/júní nk. (fyrir einstaklinga/lögaðila). Þar sem meiri óvissa ríkti um samþykki ESA hvað þetta varðar lögðu samtökin til að þessum ákvæðum yrði haldið sér og ekki blandað saman við endurgreiðsluhlutann til að eiga ekki á hættu að allur pakkinn yrði fyrir töfum þótt einstakir þættir tefðust.

Til að gera langa sögu stutta er skemmst frá því að segja að í tengslum við framangreindar lagabreytingar skiladi meirihluti Efnahags- og viðskipta-

nefndar álitni til að koma til móts við sjónarmið SI, um að leitað verði leiða til að þau fyrirtæki, sem sóttust eftir staðfestingu vegna hlutafjárukningar á árinu 2010, fengju notið þeirra jákvæðu breytinga sem lögin áttu að leiða af sér, auk þess sem skorið yrðu úr álitamálinu varðandi þau lagaákvæði á vettvangi ESA sem allra fyrst.

Settur hefur verið á lagginnar vinnuhópur ráðuneyta og hagsmunaaðila með þátttöku SI og SA til að finna hagkvæmstu leið til að bjarga því sem bjargað verður af þeim ákvæðum nýsköpunarlaganna sem felld voru út í framangreindum breytingum á lögnum og vinna málinu framgang innan ESA á ný. Ekki liggur fyrir niðurstaða þeirrar vinnu þegar þetta er ritið.

Tækninám fyrir atvinnuleitendur



Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika, ræddi um þörf atvinnuleysisfólks fyrir tæknimenntað fólk og hvatti fundargesti til að nýta þetta tækifæri til að afla sér menntunar

Vinnuálastofnun stóð síðastliðið haust, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, SA, Viðskiptaráð, háskóla landsins og tækni- og hugverkafyrirtæki, að verkefni sem felur í sér að gefa áhugasömum atvinnuleitendum tækifæri til náms í tækni- og raungreinum. Vinnuálastofnun greiðir skóla- og skráningargjöld í eitt skólaár fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins og eru á atvinnuleysissskrá. Markmiðið er að fjölga tækni- og iðnmenntuðu fólki og fækka atvinnuleitendum.

Samtök iðnaðarins skipulögðu í kjölfarið fundi fyrir atvinnuleitendur hjá nokkrum fyrirtækjum.

Nám í fjölmörgum greinum stóð vinnuleitendum til boða við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, auk náms við Háskólann á Bifröst á frumgreinasviði og námslínu um nýsköpun og við frumgreinasvið Keilis. Verkefninu verður haldið áfram næstu misseri og árangur af því mun koma í ljós á næsta ári.

Málstofa um einkaleyfi í líftækni



Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, SÍL, héldu á dögunum málstofu um einkaleyfi í líftækni. Þar var velt upp spurningunni um hver gagnsemi einkaleyfa er. Hið augljósa gagn er að vernda uppfinningar en mikilvægið felst einnig í að sýna fram á öflugt rannsóknarstarf í fyrirtæki t.d. í samskiptum við fjárfesta.

Framsögumenn komu frá Einkaleyfastofu og líftæknifyrirtækjunum Árnason Faktor, Kerecis, Actavis og Prókatín.

Gagnagrunnar um einkaleyfi mikilvægir

Framsögumenn voru sammála um að ef lagt er inn á þessa braut ætti það að vera til að sækja um verndun fyrir eigin starfsemi og vörur. Erfitt hefur reynt að búa til einkaleyfi til þess eins að selja það með miklum gróða. Þau bentu einnig á að gríðarmikill fróðleikur liggur í gagnagrunnum sem birta umsóknir um einkaleyfi opinberlega. Þeir sem skyggst hafa inn í þennan heim eru sammála um að mikilvægi gagnagrunna um einkaleyfi, fyrir rannsóknar- og þróunarstarf, sé ekki minna en vísindagreina.

Félag Íslenskra Tölvuleikjaframleiðanda - IGI)

Félagar IGI í lok starfsárs fyrir árið 2010 eru 8, heildarstarfsmannafjöldi fyrirtækja innan IGI er 600 hérlendis en um 800 á heimsvísu.

IGI kvöldin Frá upphafi hafa samtökin staðið fyrir svokölluðum IGI kvöldum einu sinni í mánuði. Í vor tóku aðilar utan stjórnar IGI það að sér að sjá um skipurlagningu þeirra.

EDGE Tölvuleikjatímaritið Edge kom til landsins og tók út leikjamarkaðinn hér í jólablaði blaðsins 2009. Mjög jákvæð umfjöllun var um landið sem og fyrirtækin sjálf. Endurprentun af umfjölluninni var gefin út í febrúar 2010, 15.000 eintök.

Samstarf við Nordic Game IGI IGI hafa tekið virkan þátt í mótun á framhaldi Nordic Game prógrammsins. Samtökin hafa tvo aðila í stjórn og þeir eru einnig hluti af sérfræðiteymi sem skipað var af menntamálaráðherra.

Nordic Game ráðstefnan – Malmö 2010 IGI fékk styrk frá Íslandsstofu til að fara með 8 fyrirtæki á Nordic Game ráðstefnuna sem haldin var í lok apríl í Malmö, Svíþjóð.

HR og IGI dagurinn Í maí stóðu IGI fyrir leikjadegi í samstarfi við HR. Þar var kynnt leikjaþróunarlína HR, aðilar innan IGI voru með kynningar og verðlaun veitt fyrir IGI awards 2010 sem hleypt var af stokkunum í október 2009.

Samstarf HR og IGI Eitt af markmiðum IGI er að efla samstarf háskóla og leikjafyrirtækja. Gerður var samstarfssamningur milli IGI og HR sem meðal annars felur í sér leikjaþróunarlínu sem háskólinn mun bjóða upp á.

Samstarfssamningur IGI og Íslandsstofu Skrifað var undir samstarfssamning milli Íslandsstofu og IGI síðasta sumar þegar Íslandsstofa var formlega stofnuð.



Icelandic
Gaming
Industry

IGI – The future is bright 2010 Í september var haldin stór afmælisráðstefna í Bláa Lóninu þar sem þátt tóku innlendir og erlendir fyrirlesarar og blaðamenn.

You are in Control ráðstefnan – okt 2010 Samtökin komu að skipulagningu á dagskrá ráðstefnunnar You are in Control sem er ráðstefna Skapandi greina og Útón hefur yfirumsjón með.

Fagfundur um verslun með menningarefni og baráttu gegn ólögumætri dreifingu efnis á netinu, Jónas Björgvin og Magnús frá Gogogic tóku fyrir hönd IGI þátt í fagfundum um verslun með menningarefni og baráttu gegn ólögumætri dreifingu efnis á netinu. Sú vinna stendur enn yfir. IGI sendi til fjölmiðla mótmæli gegn tillögu um netskatt sem renna myndi til STEF.

Málstofa um japanska nýsköpun - Japan Innovation Forum 2010



Japönskudeildin í Háskóla Íslands, japanska sendiráðið og SI stóðu í febrúar fyrir mál-

stofu um japanska nýsköpun í febrúar. Prófessor Seiichiro Yonekura fjallaði um nýsköpun og sjálfbærni á 21. öldinni.

Að erindi loknu var efnt til pallborðsumræðu með þátttöku Katsuhiko Natsume hjá japanska sendiráðinu hér á landi, dr. Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, stjórnsýslufræðingi, prófessor Gylfa Zoëga, hagfræðingi og Davíð Lúðvíkssyni hjá SI.

Sjötta starfsár Samtaka sprotafyrirtækja

Markmiðið SSP er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi. Unnið var að eftirfarandi verkefnum:

Starfræksla Hátækni- og sprota-vettvangs Verkefnisstjórn Hátækni- og sprota-vettvangs einbeitti sér að því að fylgja þeim áherslun sem fram komu á Hátækni- og sprotþingi 2009.

Lög um endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata til fjárfesta, frumkvöðla og starfsmanna sprotafyrirtækja Lögin eru eitt helsta baráttumál SSP. Þrátt fyrir almenna ánægju með tilkomu laganna eru ýmis atriði sem betur mega fara. Fulltrúar SSP/HSV hafa lagt til að lögnum verði tvískipt þannig að hægt sé að ljúka endurgreiðsluhlutann fyrir áramót þótt hlutabréfapátturinn þurfi að fara í umsagnarferli á vegum ESA.

Undirbúningur og þátttaka í mótun verkefnisins ÁR NÝSKÖPUNAR og klasasamstarf Stjórn SSP hefur tekið virkan þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins ÁR nýsköpunar og lagði til verkefnisins lista af hugmyndum á áherslum.

Morgunfundir SI/SSP/SUT/SÍL/IGI/CTI Meðal fundarefna:

- Starfsmannaráðningar hjá CCP sem vaxið hefur úr 100 í 600 starfsmenn á fjórum árum, Helgi Már Þórðarson CCP hf.
- Reynsla af sameiningu/yfirtöku sprotafyrirtækis í Svíþjóð sem liður í útrás fyrirtækis, Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf.

Efling Tækniþróunarsjóðs Ein tillagna, sem SSP hafa lagt fram er að fjölga þurfi fulltrúum hátækni- og sprotafyrirtækja í stjórn Tækniþróunarsjóðs um tvo til að efla þar matsferlið.

Það náði fram að ganga á árinu. Önnur markmið hafa því miður lítið þökast í rétta átt.

Viðurkenning SSP "Vaxtarsprotinn 2010" Vaxtarsprotinn var veittur fyrirtækinu Nox Medical við hátíðlega athöfn í Grasagarðinum.

Talnaefni og upplýsingar um „hugverkaiðnað“ Skilað var tillögum til iðnaðarráðherra um betri gagnasöfnun og tölulega úrvinnslu á hugverkaiðnaði, þ.e. greinar sem ekki falla undir hinar þrjá megin stoðirnar, þ.e. sjávarútveg, ferðaþjónustu og stóriðju. Auk þess var málið kynnt efnahags- og viðskiptaráðherra.

Kortlagning á þörfum og þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki og upplýsingafundur með þjónustuaðilum í tengslum við European SME-week.

Samstarfsverkefni við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um upplýsingavef sprotafyrirtækja SSP unnu með NMÍ að þróun og uppsetningu heildstæðs upplýsingavefs um nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Verkefnið var unnið í samráði við nemendur sem ráðnir voru til sumarstarfa hjá NMÍ.

Fagræð hugverkagreina innan Íslandsstofu Stjórn SSP lagði áherslu á að innan Íslandsstofu yrði myndað



sérstakt fagræð tækni- og hugverkagreina sem einnar af lykilútlutningsgreinum þjóðarinnar. Þessi tillaga fékk framgang innan Íslandsstofu og hefur fagræðið þegar tekið til starfa. Formenn tækniþópa SI skipa fagræðið ásamt fulltrúum stærri tækniyrirtækja.

Fundur um nýsköpun og sjálfbærni

Í apríl héldu SI fund um nýsköpun og sjálfbærni í samstarfi við Stjórnvísí. Rögvaldur Jóhann Sæmundsson, dósent og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, hélt erindi.

Í erindi sínu fjallaði Rögvaldur um hvernig aukin orkunotkun og loftslagsbreytingar hafa á síðustu misserum leitt til breyttra viðhorfa hjá almenningi, fyrirtækjum og stjórnvöldum um allan heim. Hann velti einnig fyrir sér áhrifum slíkra breytinga, m.a. á tækifæri og getu fyrirtækja til nýsköpunar hjá fámennri þjóð í Atlantshafinu.

Ályktun Iðnþings 4. mars 2010

FORGANGSMÁL

35.000 störf á 10 árum

Iðnaður í forgang

Afnema gjaldeyrishöft - skapa stöðugleika

Verðmætasköpun - ekki skattheimta

Opnar og gagnsæjar samningaviðræður við ESB

Samvinna, festa og ábyrgð

Stjórnvöld, atvinnurekendur og launþegasamtök verða að leggjast á eitt til að tryggja verðmætasköpun og störf. Á næstu 10 árum þarf að skapa störf fyrir 35.000 manns. Til þess að svo megi verða þurfa að verða umskipti í efnahags- og atvinnumálum sem leiða til verulegs hagvaxtar. Hér þarf einbeittan vilja og dug til verka.

Þungamiðja uppbyggingar í atvinnulífinu verður að vera örvun gjaldeyrisskapandi greina sem geta skapað arðbær störf. Við blasir að iðnaður og þjónusta verða að bera hitann og þungann/hita og þunga af þessari uppbyggingu.

Orkuauðlindir og hugvit þarf að virkja jöfnum höndum.

Gjaldeyrishöftin verður að afnema. Þau fæla frá fjárfesta og trufla eðlilegt fjárstreymi til og frá landinu. Þá brjóta þau í bága við grundavallarsjónarmið sem íslenska hagkerfið þarf að styðjast við og hefur skuldbundið sig til með EES-samningnum. Uppbygging verður ekki án stöðugleika í gengismálum. Stjórnvöld verða að setja fram trúverðuga leið í gjaldmiðismálum til skamms og langs tíma.

Hagsæld og velferð verða ekki tryggð á Íslandi án vaxtar og nýsköpunar. Vöxtinn þarf að sækja til atvinnustarfsemi sem skapar eins mikinn virðisauka og kostur er, greiðir góð laun og skapar þjófárþúinu tekjur. Stóraukin skattheimta vinnur gegn þessum markmiðum.

Ísland hefur sótt um aðild að ESB og samningaviðræður hefjast innan skamms. Áriðandi er að samningaferlið verði opið og gagnsætt og kappkostað verði að ná niðurstöðu þar sem heildarhagsmunir bæði fólks og fyrirtækja verði hafðir að leiðarljósi.

Á liðnu ári hefur því miður orðið framhald á sundurlyndi og stefnuleysi stjórnmalamanna og stjórnvalda sem bera ábyrgð á verkstjórn og úrlausn ýmissa lykilþátta. Hér verður að gera bragarbót. Erfið verkefni krefjast samvinnu, festu og ábyrgðar.

Iðnþing 2010

Vilji til vaxtar

- Mótum eigin framtíð

Á iðnþingi Samtaka iðnaðarins var fjallað um uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs. Þingið var vel sótt og tókst vel. Erindi fluttu Helgi Magnússon, formaður SI, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital og Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. Að erindum loknum var efnt til pallborðsumræðna með þátttöku Vilborgar Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Mentors, Tómasar Más Sigurðssonar, forstjóra Alcoa Fjarðaáls, Ara Kristins Jónssonar, rektors HR og Þorsteins Inga Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fundarstjóri var Þorsteinn Víglundsson.





Myndbönd á Iðnþingi „Sýnum viljann í verki“

Á Iðnþingi 2010 voru sýnd tvö myndbönd um vaxtarmögu- leika íslensks atvinnulífs. Í myndunum er stiklað á stóru um orsakir hrunsins og hvaða leiðir okkur eru færar út úr efna- hagslæggðinni. Næstu 10 árin er gert ráð fyrir að 35.000 manns þurfi störf við hæfi, vellaunuð, fjölbreytt og gjaldeyris- skapandi. Vaxtartækifærin felast í iðnaði, framleiðslu, þjón-ustu og ferðaþjónustu. Við þurfum að framleiða og selja vörur og þjónustu úr landi og búa fyrirtækjum okkar hagfelld rekstrarskilyrði. Sýnum viljann í verki og mótum eigin fram- tíð.





Hvatningarátak um atvinnuskapandi framkvæmdir

Hinn 7. júlí var formlega hrundið af stað hvatningarátaki sem stjórnvöld efndu til í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Markmið átaksins var að vekja athygli á:

- hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við eigið íbúðarhúsnæði og sumarhús í 100% úr 60%
- skattafrádrætti til einstaklinga sem fjárfesta í viðhaldi á eigin húsnæði sem nemur allt að 200 þúsund króna lækkun á tekjuskattsstofni hjá einstaklingum og 300 þúsund króna lækkun hjá hjónum og samsköttuðum
- mikilvægi þess að öll viðskipti almennings og fagmanna séu uppi á borðum

Með átakinu eru landsmenn hvattir til þátttöku í stórum sem smáum verkum – og að þeir beini viðskiptum sínum að

innlendri vöru og þjónustu, fjárfesti í viðhaldi íbúðarhúsnæðis, sumarhúsa og leggi þar með sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Leitað var til fjármálastofnana sem buðu almenningi framkvæmdalán á hagstæðum kjörum en auk þess bauð Bygðastofnun fyrirtækjum á landsbyggðinni verðtryggð lán til viðhaldsverkefna til 12 ára á 7% vöxtum.

Hvíta húsið hannaði auglýsingarnar en hinn landsþekkti teiknari, Halldór Baldursson, fékk það verkefni að túlka skilaboðin á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands og aðildarfélag, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands stóðu að átakinu ásamt stjórnvöldum.

100% endurgreiðsla VSK framlengd um ár

Alþingi samþykkti í desember ársframlengingu á 100% endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað. Samtök iðnaðarins hvöttu ráðuneytið til framlengja heimildina sem skilað hefur auknum umsvifum á byggingamarkaði. Heimildin nær til byggienda og eigenda íbúðar-

húsnæðis og frístundahúsnæðis, auk húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Endurgreiðslurnar hafa verið mikil lyftistöng fyrir byggingamarkaðinn og fjölmargir aðila hafa nýtt sér þessar tímabundnu endurgreiðslur.

Í könnun framkvæmd af Capacent þar sem árangur verkefnisins Allir vinna var mældur kom í ljós að endurgreiðsla VSK af vinnu á byggingarstað leiddi til aukinna framkvæmda.

Kostnaður iðnfyrirtækja við raforkuöflun

Í nóvember kom út skýrsla um kostnað iðnfyrirtækja við öflun raforku en Efla verkfræðistofa vann skýrsluna fyrir Samtök iðnaðarins. Þar kemur fram að dreifing raforku hefur hækkað meira í verði en raforka frá árinu 2005.



Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um þróun raforkuverðs á almennum markaði frá því að raforkulögin tóku gildi í janúar 2005 en þá var samkeppni innleidd í raforkusölu. Skoðað var verð í raforkusölu annars vegar og flutningi og dreifingu hins vegar. Níu fyrirtæki í iðnaði voru skoðuð og lítið til gjaldskráa allra fyrirtækja sem eru starfandi á raforkumarkaði.

Skýrsluna má nálgast á www.si.is undir málflokknum Umhverfis- og orkumál.



Nox Medical hlaut Vaxtarsprotann 2010

Fyrirtækið Nox Medical ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2010 sem er viðurkenning fyrir öflugra uppbyggingu sprotafyrirtækis. Fyrirtækin Hafmynd, Menn og Mýs og Valka fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðgjafi, afhenti Sveinbirni Höskuldssyni, framkvæmdastjóra Nox Medical, Vaxtarsprotann 2010 við hátiðlega athöfn í Grasagarðinum í Laugardal að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðilum atvinnulífsins.

Við sama tækifæri var fyrirtækið Betware hf. skráð í úrvalsdeild íslenskra háteknifyrirtækja en fyrirtækið hefur áður hlotið viðurkenningu Vaxtarsprotans fyrir góðan vöxt.



Fjarðarkaup með hæstu einkunn frá upphafi í Íslensku ánægjuvuginni

Íslenska ánægjuvugin var afhent í ellefta sinn í febrúar. Fjarðarkaup hlutu einkunnina 91,3 af 100 mögulegum sem er hæsta einkunn allra fyrirtækja og raunar hæsta einkunn sem mælst hefur í Íslensku ánægjuvuginni frá upphafi.

Samtök iðnaðarins standa að Íslensku ánægjuvuginni ásamt Stjórnvísí og Capacent Gallup og taka þátt í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmiðið er að veita fyrirtækjum upplýsingar um samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og öðrum þáttum eins og ímynd, gæðum og tryggð viðskiptavina.

Ráðgjafaráðsfundur um fjármögnun atvinnulífsins og iðnaðarmálagjaldið

Samtök iðnaðarins héldu fund með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum allra aðildarfélag á Grand Hótel Reykjavík í maí. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, ræddi um fjármögnun atvinnulífsins og gerði í máli sínu grein fyrir hvað þyrfti til að koma því mikla fjármagni sem til er í landinu á hreyfingu en það nýttist hvorki til endurfjárfestingar né nýsköpunar. Jón Steindór Valdimarsson fjallaði um áhrif dóms Mannréttindadómstóls Evrópu á tekjur, störf og verkefni SI.

Að loknum erindum tóku við almennar umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri var Helgi Magnússon, formaður SI.

Ráðgjafaráðsfundur um Ár nýsköpunar

Samtök iðnaðarins boðuðu til hugmyndafundar með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum allra aðildarféлага sinna í byrjun október til kynningar og samráðs um átaksverkefnið Ár nýsköpunar.

Tilgangur fundarins var að virkja sem flesta til að móta og taka þátt í atakinu. Áhersla var lögð á að ræða verkefni og atburði sem félagsmenn telja að geti sem best þjónað markmiði verkefnisins og skapað sem mestan árangur.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, gerði grein fyrir markmiðum og tilgangi verkefnisins en að því loknu var þátttakendum skipað í hópa sem ræddu og lögðu fram hugmyndir sínar um aðgerðir og verkefni. Í lokin gerði hver hópur grein fyrir hugmyndum sínum.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar, stýrði hringborðsumræðum.

Starfsemi Landssambands bakarameistara



HJÁLPARSNÚÐURINN
- LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA -

Landssamband bakarameistara leggur Neistanum, styrktarfélagi hjartveika barna, íð með sölu á hjálparnúðum. Árlega leichast um 70 tonn með hjartagallu. Helmingur þeirra fer til að gangast undir aðgerð og sum ólar en einu sínu. Markmið Neistans er m.a. að auðvelda aðgengi foreldra að upplýsingum um hjartasjúklu barna og hjartagallu, meðhönd þeirra, réttindi fjölskyldunnar, fjárhagslegan stuðning og mannlaga þjálfun.

25 krónur af hverjum snúð renna til Neistans



Starfsemi Landssambands bakarameistara einkennist annars vegar af sameiginlegu markaðsstarfi og hins vegar umfjöllun um sameiginleg hagsmunamál. Kaka ársins er orðin árviss viðburður. Sala hennar hefur aukist jafnt og þétt og aldrei verið eins góð og á liðnu ári. Hjálparnúðurinn var seldur í byrjun mars og Neistanum afhentur ágóði af sölunni, ein milljón króna. Félagið tók þátt í keppni um brauð ársins og nemakeppni í brauðbakstri í samstarfi við Kornax. Einnig á félagið reglubundið samstarf við systursamtök á Norðurlöndum. Á árinu voru raforku-



KAKA ÁRSINS 2010
Núggatmús með Konsum orange



kaup félagsmanna boðin út og gerður samningur við HS orku. Í október var efnt til stefnumótunar með góðri þátttöku bæði félagsmanna og birgja. Efst á óskalistanum er að koma upp vef þar sem hægt verður að birta ýmsar staðreyndir um brauð til að vega upp á móti ófaglegri umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu. Félagsmenn LABAK tóku myndarlegan þátt í „Opnu húsi í matvælafyrirtækjum“ í nóvember. Á árinu var fjallað mikið um starfsréttindi bakara en ólögleg kókusala á netinu og víðar hefur aukist mikið að undanförunu.

Útboðsþing 2010

Árlegt útboðsþing um verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði var haldið á Grand Hótel Reykjavík 11. mars.

Í upphafi árs stefndi í að Útboðsþing yrði ekki haldið vegna óvissunnar í efnahagslífinu.

Á þinginu var gefið yfirlit yfir helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum árið 2010.

Áætlaðar framkvæmdir námu 52 milljörðum króna sem er nánast sama fjárhæð og árið 2009 en þá nam samdrátturinn frá fyrra ári um 60%.

MÁLMUR og Félag blikksmiðjueigenda

Fyrirtæki í málmíðnaðinum hafa verið hvött til að halda áfram að nýta sér gæðakerfi SI, Áfangastýrða gæðavottun, en það er vaxið upp úr framleiðni-verkefni MÁLMS og SI á sínum tíma.

Félag blikksmiðjueigenda er mjög í mun að allar smiðjur innan félagsins fái vottun (D og C). Við það hækki gæðastaðallinn og fúskarar eigi erfiðara með að athafna sig á markaðnum.

Þá hefur verið gert mikið átak til að efla færni millistjórnenda m.a. í samvinnu við Verkstjórásamband Íslands og hefur gefist vel.

Alvarleg umræða innan stjórnna MÁLMS og Félags blikksmiðjueigenda hefur átt sér stað um hvernig tekist hefur til með starf og stefnu IÐUNNAR með tilliti til hagsmuna fyrirtækja og starfsmanna þeirra innan málmíðngreinanna og er það mál nú í ferli innan SI.

Erlend samskipti félaganna voru mikil á árinu og áhersla lögð á, nú sem endranær, að tengjast norrænum samtökum í málm- og véltækni og Norrænu blikkmeistarasmátökunum til aukins samstarfs. Félögin hafa auk þess átt í

samskiptum við tæknistofnanir á meginlandi Evrópu í gegnum Málm- og véltækni- IÐUNNAR. Þaðan eru fluttar tækninýjungar í greininni til landsins og ný endurmenntunarnámskeið mótuð í framhaldið af því.

Að óbreyttu sjá menn í málm- og véltæknigreinunum fram á mikinn skort á iðnaðarmönnum í þessum faggreinum enda mikil verkefni framundan. Þess vegna hafa fagfélögin þar ákveðið með Samtökum iðnaðarins að leggja á næstu mánuðum og misserum aukna áherslu á að kynna nám í málmíðngreinum í efstu bekkjum grunnskóla sem og annars staðar þar sem unga fólkíð kemur saman. Þessi vinna er undirbúin í góðri samvinnu við talsmenn námsráðgjafa og fyrirtækja í greininni. Miklar vonir eru bundnar við að þetta átak skili sér í aukinni aðsókn að iðnnámi í málm- og véltæknigreinum. Ef það tekst ekki blasir við að álitleg verkefni



fara úr landi eða þá að flytja þarf inn iðnaðarmenn á þessu sviði vegna þess að unga fólkíð hér kys að læra eitthvað annað.

Kynningarráðstefna um sáfiefni

Kynningarráðstefna um sáfiefni var haldin 25. ágúst. Að ráðstefnunni stóðu Umhverfisstofnun, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Félag atvinnurekenda.

Til ráðstefnunnar var boðað til að kynna framleiðendum og innflytjendum sáfiefna þær breytingar sem verða í kjölfar tilskipunar ESB um markaðssetningu slíkra efna.

Þrjú erindi voru flutt á ráðstefnunni. Birgitta Í. Birgisdóttir hjá Umhverfisstofnun fjallaði um þær vörur sem flokkast sem sáfiefni, áhættumat virkra efna til nota í sáfiefnum og aðdragandann að umsókn um



markaðsleyfi. Sigríður Kristjánsdóttir hjá Umhverfisstofnun fjallaði um áhrif reglugerðarinnar hér á landi og Helena Casabona og Jenny Rönngren frá KemI í Svíþjóð fjölluðu um undirbúning í Svíþjóð til að bregðast við kröfum um markaðssetningu sáfiefna, samkvæmt ákvæðum tilskipunar ESB.

Fagþekking, nýsköpun og þróun í íslenskum matvælaíðnaði



Íslenskir matvælaframleiðendur tóku höndum saman í tilefni af Ári nýsköpunar og kynntu landsmönnum íslenska matvælaframleiðslu helgina 4.-5. desember. Fjöldi fólks lagði leið sína í opin hús og Smáralind og kynnti sér framleiðslu og starfsemi fyrirtækjanna.



Vel heppnað Íslandsmót iðn- og verkgreina



Íslandsmót iðn- og verkgreina, Skills Iceland, fór fram í Smáralind dagana 18. og 19. mars. Samtök iðnaðarins styrkja mótið.

Þetta var í fimmta sinn sem mótið var haldið og hið stærsta hingað til hér á landi. Um 130 manns kepptu í 15 greinum, málmsuðu, trésmíði, pípulögnum, bíliðngreinum, málaraíðn, dúklagningu, hársnyrtingu, snyrtifræði, grafískri miðlun og ljósmyndun, bakaraiðn, matreiðslu, framreiðslu, kjötiðn, skruðgarðyrkju og rafvirkjun.

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Ingi Bogi Bogason hjá SI settu mótið formlega.

Fjöldi fólks fylgdist með mótinu sem stóð í tvo daga og lauk með afhendingu viðurkenningaskjala og verðlaunapeninga.

Skills Iceland er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á iðn- og verkgreinum, kynna þær almenningi – ekki síst ungu fólki – og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum.



SI og IÐNÚ gefa öllum skólum bókina Iðna krakka eftir Sigrúnu Eldjárn

Samtök iðnaðarins og IÐNÚ gáfu öllum skólum landsins eitt bekkjarsett af nýútkominni bók Sigrúnar Eldjárn, Iðnir krakkar. Í henni er sagt frá systkinunum Siggu Láru og Kára sem skoða nýja húsið sem þau flytjast bráðum í. Þar lenda þau í ævintýrum og kynnast því sem iðnaðarmenn gera.

Fyrsti skólinn, sem veitti bókunum viðtöku, var Ísaksskóli. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri IÐNÚ afhentu 7-8 ára gömlum börnum bækurnar að viðstöddum menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur og höfundu bókarinnar, Sigrúnu Eldjárn. Bókin er gefin út með styrk frá Samtökum iðnaðarins en IÐNÚ er útgefandi.

Hollur matur í skólum er fjárfesting til framtíðar



Samtök iðnaðarins stóðu fyrir málþingi í lok nóvember um kröfur til skólamáltíða í tengslum við Ár nýsköpunar. Metaðsókn var að málþinginu en það sóttu um 150 manns, einkum skólustjórnendur, stjórnendur mötuneyta, matvælaframleiðendur, foreldrar og fulltrúar sveitarfélaga. Tilfni þingsins var meðal annars að greina frá niðurstöðum norræns verkefnis sem SI hafa unnið að undanfarin tvö ár í samstarfi við Rannsóknarþjónustuna Sýni og Matis og hliðstæða aðila annars staðar á Norðurlöndum með styrk frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni, NICE.

Á málþinginu töluðu fulltrúar sveitarfélaga um matarinnkaup fyrir skóla, fulltrúi Lýðheilsustöðvar ræddi um leiðbeiningar til skólamötuneyta og fulltrúi Heimilis og skóla um sjónarmið foreldra. Mikil samhljómur var í öllum erindum en áhersla var m.a. lögð á fjölbætt samstarf og fjölbreyttan og næringarríkan mat í skólum.

Upphafi Árs nýsköpunar fagnað



Samtök iðnaðarins ýttu úr vör átaksverkefninu **Ár nýsköpunar – frumkvæði, fjárfesting, farsæld** með fjölmönnum fundi sem haldinn var í Marel 29. október. Ríflega 300 manns úr atvinnulífi, stjórnsýslu og stoðumhverfi nýsköpunar komu og fögnuðu saman upphafi átaksins.

Helgi Magnússon, formaður SI, setti fundinn og þakkaði við það tækifæri forstjóra Marels og starfsfólki fyrirtækisins fyrir að hýsa viðburðinn. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, var sérstakur gestur fundarins. Í ræðu sinni fjallaði hann m.a. um mikilvægi nýsköpunar sem auðlindar í hagkerfi nýrrar aldar og sagðist vona að Ár nýsköpunar yrði til að efla bjartsýni og sóknarhug Íslendinga.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, kynnti markmið og verkefni Árs nýsköpunar og færði fundargestum kveðju frá Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra, sem stödd var erlendis.

Að lokinni dagskrá tróðu upp ungir og upprennandi tónlistarmenn, Ólöf Arnalds, söngvari og lagasmiður og gleðisveitin Útidúr.

Á fundinum voru sýnd tvö myndskreið þar sem fólk úr ólíkum iðngreinum fjallaði um nýsköpun í sinni grein eða fyrirtækjum sínum. Einnig gátu gestir kynnt sér nýsköpunarstarf ríflega 50 ólíkra fyrirtækja á kynningarglærum.





CleanTech Iceland Starfsgreina-hópur fyrirtækja í grænni tækni, Clean-Tech Iceland, var stofnaður 1. júní. Hugmyndir um stofnun slíkra samtaka höfðu verið á döfinni um nokkurt skeið en mikil gróska er í málum sem snúa að grænni tækni og hreinni orku. Haustið 2009 fóru SI ásamt fleiri aðilum í stefnumótun á þessu sviði. Þar kom fram áhugi á að auka samstarf fyrirtækja sem eru að þróa nýja umhverfistækni. Samtökin vinna að því að styrkja netverk fyrirtækjanna, auka samstarf og deila þekkingu og reynslu. Áhersla er einkum lögð á markaðsmál, menntamál varðandi fjármögnun, þátttöku í norrænu starfi og að vera stjórnvöldum

til stuðnings við stefnumótun.

Á fyrsta starfsárinu hefur **CTI unnið að mótun samtakanna**, staðið fyrir fundum og komið að fjölda verkefna. Á haustmánuðum var haldinn félagsfundur þar sem fyrirtæki, sem að félaginu standa, kynntu starfsemi sína. Á morgunverðarfundum félagsins í desember fjallaði K.C. Tran, framkvæmdastjóri CRI, um endurnýjanlega orkugjafa fyrir samgöngur á hér á landi.

CTI hafa komið að **verkefnum með stjórnvöldum um vistvæna orkugjafa** í samgöngum og orkunýtni í byggingum. Auk þess fengu þau tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að hjá nefnd um eflingu græna hagkerfisins. CTI áttu fulltrúa á fundum í tengslum við norrænt verkefni um græn viðskiptamódel. Í skýrslum verkefnisins er fjallað um tvö íslensk fyrirtæki og hvernig þau nálgast markaðinn.

Þegar er hafið samstarf milli **CTI og Íslandsstofu**. Á haustmánuðum hófst handleiðsluverkefni fyrirtækja sem stefna að útflutningi á umhverfistækni.

Tilgangur verkefnisins er að undirbúa og aðstoða umhverfistækniyrirtæki við að markaðssetja tilbúna vöru erlendis. Saman stóðu CTI og Íslandsstofa að fundi með Thor Sverre, framkvæmdastjóra Green Business Norway, þar sem rætt var um hugsanlegt samstarf við Norðmenn á þessu sviði. Einnig hefur CTI komið inn í verkefnið Nordic Cleantech Alliance sem Íslandsstofa heldur utan um. Þetta er norrænt verkefni sem miðar að því að markaðssetja norræn fyrirtæki á völdum markaðssvæðum. Á árinu var áhersla lögð á Bandaríkin og Pólland.

Á **stofnfundi CTI** var kosin fimm manns stjórn auk tveggja varamanna. Formaður var kosinn Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku. Meðstjórnendur eru Ásbjörn Torfason, Vistvænni orku, Guðný Reimarsdóttir, Ecoprocess Nord, Ingvar Kristinsson, Fjölblendi og K.C. Tran, Carbon Recycling International. Varamenn eru Freyr Hólm Ketilsson, ReMake Electric og Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Greencloud.



Stjórn samtakanna hóf starfsárið á því að haldið var málþing um einkaleyfi þar sem rætt var um gagnsemi einkaleyfa. Tilefni málþingsins var að fylgja eftir tillögu sem lögð var fram á há-tækni- og sprotþingi árið 2009. Þar voru tiltekin þrjú mál sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir líftækni; laga-umhverfi sem styður við atvinnusköpun, efling rannsóknarsjóða og þekking á einkaleyfum.

Hópur norrænna fjárfesta á sviði líftækni fundaði á Íslandi í maí. SÍL stóð að fundinum ásamt Arkea og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Þátttakendur voru frá sex fjárfestingarsjóðum sem starfa á Norðurlöndum. Hópurinn fundaði hér í tvo daga en hluti fundar-

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja

ins var opinn öllum félagsmönnum SÍL. Hópurinn heimsótti einnig Bláa Lónið og kynnti sér líftæknirannsóknir sem þar eru stundaðar og heilsuvöruframleiðslu.

Samstarf SÍL við AVS rannsóknarsjóð hefur staðið um nokkurra ára skeið en verkefnastjórn líftækniþóps AVS er í höndum Bryndísar Skúladóttur sem einnig starfar með SÍL. Jakob K. Kristjánsson tók á árinu við af Úlfari Steindórssyni sem formaður líftækniþóps AVS.

Stjórn SÍL sendi umsögn til Alþingis vegna frumvarps um erfðabreyttar lífverur og fylgdi henni eftir á fundi með umhverfisnefnd Alþingis. Stjórnin lagði áherslu á að við setningu laga á þessu sviði leitist Alþingi við að

halda sig eins nærri tilskipunum Evrópusambandsins og kostur er og leggi sig fram um að tryggja að fyrirtæki í greininni njóti sambærilegra starfsskilyrða og gilda í Evrópusambandinu.

Aðalfundur félagsins var haldinn í desember hjá Orf líftækni. Fundarmönnum gafst færi á að skoða aðstöðuna og kynna sér starfsemi fyrirtækisins. Í stjórn SÍL árið 2010 sátu Jóhannes Gíslason hjá Genís, formaður, Jakob K. Kristjánsson hjá Prokatín og Ása Brynjólfsdóttir hjá Bláa Lóninu heilsuvörum. Á aðalfundi kom Guðný Einarsdóttir hjá Roche NimbleGen inn í stjórn í stað Jakobs.

Samhljómur á fundi um tækifærin í fjárlagafrumvarpinu

Í tilefni af verkefninu ÁR NÝSKÖPUNAR efndu Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur til umræðufundar í lok Athafnavíku Innovits 19. nóvember.

Tilgangur fundarinnar var að skoða hvort ekki felist tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir mikinn niðurskurð.

Í framsöguerindum Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra SI, Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, og Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, kom fram sterkur samhljómur um að hægt væri að bæta þjónustu og ná meiri árangri fyrir minna fé. Lykillinn að árangri væri skýr stefnumótun, aukið samstarf og samstaða um framkvæmd með heildarhagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi.

Í pallborði að loknum erindum rýndu fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja, háskóla og stofnana fjárlagafrumvarpið 2011 frá sjónarhóli nýsköpunar á sviði, orku-, heilbrigðis- og menntamála undir stjórn Davíðs Lúðvíkssonar hjá SI og Helgu Valfells, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, og Guðbjartur Hannesson, heilbrigðisráðherra, sátu í pallorði fyrir hönd stjórnvalda. Úr atvinnulífinu komu þau Svana Helen Björnsdóttir, frkfst. Stika, Sveinbjörn Höskuldsson, frkfst. Nox Medical, og Eyjólfur Guðmundsson, hagfræðingur hjá CCP. Fulltrúar háskóla og stofnana í pallborði voru Ari Kristinn Jónsson, rektor í HR, Björn Zoëga, forstjóri Landsspítala háskólasjúkrahúss, og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fundargestum bauðst að taka virkan þátt í fundinum og bera fram spurningar eða ábendingar til þátttakenda.

Rædd voru tækifæri til klasasamstarfs stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja sem snúa í senn að því að efla og bæta þjónustu fyrir minna fé en um leið skapa nýjar lausnir sem geta orðið verðmætar útflutningsafurðir. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru sammála um að þótt frumvarpið feli í sér mikinn niðurskurð felist í því tækifæri til nýsköpunar. Finna verði nýjar leiðir til að halda uppi þjónustunni og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Leiðin að því marki væri með klasasamstarfi, straumlínuhugsun og samkeppnissjóðum.



Skortur á litlum íbúðum



Á vordögum hófu Samtök iðnaðarins átak sem fólst í að telja ónýttar nýjar íbúðir sem eru fókheldar eða lengra komnar á höfuðborgarsvæðinu. Tölningin leiddi í ljós að þær voru 1635 talsins. Íbúðir í fjölbýli voru 1179, þar og raðhús 303 og einbýlishús 153 sem fullnægir um það bil ársþörf.

Í könnuninni kom fram að skortur er á litlum íbúðum sem henta fyrstu kaupendum. Með því að lækka verð á lóðum og breyta skipulagi þannig að hægt sé að byggja minni íbúðir væri hægt að koma byggingariðnaðinum af stað aftur og svara kalli markaðarins eftir smærri íbúðum.

Samtök iðnaðarins telja að í ljósi lækkandi innlánsvaxta, hækkandi fjármagnstekjuskatts og takmarkaðra fjárfestingarkosta sé líklegt að ýmsir fari að líta á fjárfestingu í steinsteypu sem álitlegan fjárfestingarkost.


Upplýsingar í könnuninni voru fengnar frá sveitafélögnum, fasteignasölum og með því að aka um hverfin.

Verkin tala fyrirlestrarröð

Í byrjun árs 2009 veittu Samtök iðnaðarins Háskólanum í Reykjavík rausnarlegan styrk til að þróa kennslu í hagnýtum námskeiðum þar sem hugvit og verkvit vinna saman.

Síðastliðið voru kynnt ýms áhugaverð verkefni sem nemendur í verkfræði og tæknifræði hafa unnið á námskeiðunum undir yfirskriftinni „Verkin tala.“

Stuðningur við nýsköpun á Íslandi



Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð ásamt hátækni- og sprotavettvangi stóðu að kynningarfundum um stuðning við nýsköpun á Íslandi 26. maí í tilefni af Evrópsku fyrirtækjavikunni – SME Week 2010. Markmið fundarins var að veita heildaryfirsýn og skapa umræðu um stuðning við nýsköpun á Íslandi.

Helstu nýjungar í stuðningsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja voru kynntar, þ.á.m. framkvæmd laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Að lokinni sameiginlegri dagskrá skiptu þátttakendur sér á tvær málstofur, annars vegar fyrir einstaklinga með nýjar viðskiptahugmyndir og fyrirtæki í startholunum en hins vegar fyrir þroskaðri sprotafyrirtæki og fyrirtæki í nýsköpun til að ræða nánar um þarfir og reynslu fyrirtækja á ólíku stigi í þróunarferlinu. Fulltrúar fyrirtækja miðluðu af reynslu sinni og hátt í tuttugu aðilar úr stuðningsumhverfinu kynntu þjónustu sína en umræður í málstofunum voru m.a. um reynsluna af stuðningsumhverfinu.

Í tilefni af fundinum hefur upplýsingapakki verið tekinn saman með yfirliti yfir það helsta sem stuðningsumhverfið hefur að bjóða.

SI skora á háskóla að lengja umsóknarfrest

Samtök iðnaðarins hafa bent á vaxandi þörf tækni- og þekkingarfyrirtækja fyrir fólk með menntun á sviði tækni- og verkfræði. Samtökin skoruðu á háskóla að framlengja umsóknarfrest um skólavist fram í miðjan júní til þess að gefa sem flestum kost á að veita og meta kosti þess að setjast á skólabekk og stunda nám í verk- og tæknigreinum. Háskólinn í Reykjavík brást við áskoruninni með því að framlengja umsóknarfrestinn til 10. júní.





Stendur þú skil á þínu?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálagt 40 milljónum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri hægt að reka Landsþjálfarmann í allt ár eða reka alla almenna heilugumáli í tvö ár eða byggja nýtt hátæknisjúkrahús.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Auglýsing Samtaka iðnaðarins fær lúður

Ein auglýsing í átaki SI gegn svartri atvinnustarfsemi hlaut viðurkenningu ÍMARKS, Íslensku auglýsingaverðlaunanna 2009 í flokknum almannaheillauglýsingar. Hvíta húsið gerði auglýsinguna. Samtök iðnaðarins eru stolt af því að átak þeirra skyldi hljóta þessa viðurkenningu auglýsingafólks.

Auglýsingin er ein þriggja sjónvarpsauglýsinga sem eru hluti af átaki Samtaka iðnaðarins gegn svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. Í átakanu voru einnig birtar nokkrar blaðaauglýsingar.

Ábyrgðarsjóður Meistaradeildar SI stofnaður

Aðilar innan Meistaradeildar SI (MSI) gerðu í apríl samkomulag um að stofna Úrskurðarnefnd og Ábyrgðarsjóð.

Tilgangurinn með Ábyrgðarsjóðnum er að skapa traust milli viðskiptavina og verktaka sem starfa innan Meistaradeildar byggingagreina Samtaka iðnaðarins og tryggja viðskiptavinum félagsmanna MSI eins og kostur er að vinna sem félagsmenn MSI inna af hendi sé í samræmi við skriflegt samkomulag um verkið og góð fagleg vinnubrögð.

Úrskurðarnefnd tekur til meðferðar og úrskurðar í ágreiningsmáli viðskiptamanns vegna faglegrar vinnu félagsmanns MSI.

Í Meistaradeild SI eru Félag Skrúðgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi og Félag blikksmiðjueigenda. Aðild að Úrskurðarnefnd eiga MSI, Neytendasamtökin og Húseigendafélagið.

Nýbreytni SI í iðnmeistaránámi

Undanfarin misseri hafa Samtök iðnaðarins beitt sér fyrir endurnýjun iðnmeistaránáms. Tryggja þarf að þekking og færni iðnmeistara séu í samræmi við kröfur markaðarins. Samtök iðnaðarins leggja til að tekið verði upp þriggja skrefa nám iðnmeistara. Fyrsta skrefið felur í sér meistarapróf sem þjóna á flestum iðngreinum. Annað skrefið er sértækt nám fyrir einstakar iðngreinar og iðngreinaflokkka. Þriðja skrefið felur í sér byggingastjóraréttindi og hugsanlega sambærileg sértæk réttindi í öðrum flokkum iðngreina. Iðnmeistaránámið skal gegnsýrt af gæðahugsun. Námskrá, námsefni, kennsla og aðrir þættir menntunarinnar skulu metnir á eins hlutlægan hátt og kostur er. Fýsilegt er að nota til þess gæðakerfið ISO 9001. Samtök iðnaðarins hafa unnið með Tækniskólanum að útfærslu á breyttu iðnmeistaránámi.



Ábyrgðarsjóður
Meistaradeildar
Samtaka
iðnaðarins

SI

Nýir félagsmenn

Í upphafi árs voru félagsmenn 1.010 en 918 í árslok 2010.
Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 27 fyrirtækjum beina aðild á
liðnu ári og eru þau þessi:

Adakris UAB
Clara
Data Market
Dexoris ehf.
Ecoprocess Nord
FGP ehf.
G-5 Kranaafgreiðsla
I am heilsulausnir
Icelandic Water Holdings
Íslandsvetni
Íslenska kalkþörungafélagið
Jarteikn
Límtré Vírnet ehf.
Maggi Málari
Medical Algorithms ehf.
Meniga ehf.
Netkerfi og tölvur
Saga Medica ehf.
Skólamatur
Sláturhús KVH
Snerta ehf.
Strax ehf.
Tölvuský Greencloud
Valka ehf.
Vegamálun ehf.
Vistvæn orka
Ýmir Mobile

Þá hafa margir félagar slegist í hópinn hjá fjölmörgum
aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins. Félagatal Samtaka
iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is.



Alþjóðleg athafnavika hófst 15. nóvember
hér á landi og um allan heim en um er að
ræða hvatningarátak til nýsköpunar. Orri
Hauksson, framkvæmdastjóri SI, var einn af
talsmönnum Alþjóðlegrar athafnaviku. Hlutverk
þeirra er að minna á gildi athafnasemi fyrir
samfélagið með umfjöllun og þátttöku í við-
burðum. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og vekja
því athygli á ýmsum þáttum athafnasemi.

Allir eiga þeir þó sameiginlegt að vera já-
kvæðar fyrirmyndir og trúá á mikilvægi
nýsköpunar og athafnasemi fyrir íslenskt
samfélag.

Samtök iðnaðarins tengdust Alþjóðlegri
athafnaviku ennfremur með því að gera ráð-
stefnuna Nýsköpun alls staðar – tækifærin í
fjárlagafrumvarpinu, sem haldin var í tengslum
við Árs nýsköpunar, að einum viðburði athafna-
viku.



Dómur mannréttindadómstóls Evrópu og ný lög um iðnaðarmálagjald

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) kvað upp dóm í apríl um lögmati iðnaðarmálagjalds. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að lög in um iðnaðarmálagjald stæðust ekki ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hæstiréttur Íslands hafði tvívegis áður fjallað um málið og komist að annarri niðurstöðu.

Breyting á lögum um iðnaðarmálagjald var síðan samþykkt á Alþingi í september. Gjald samkvæmt lögum þessum skal síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009 og renna tekjur af því í ríkissjóð. Tekjunum skal varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Samtök iðnaðarins fagna því að niðurstaða er fengin í málið og munu áfram leggja megináherslu á að þjóna félagsmönnum og að barátta fyrir hagsmunum iðnaðarins verði öflug í framtíðinni.

Yfirlit yfir lög sem SI létu sig varða á árinu

Lög um breytingu á raforkulögum

Með þessum breytingum á lögum er verið að fresta gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja um eitt ár. Er þetta í þriðja sinn sem gildistöku er frestað.

Lög um breytingu á vöxtum og verðtryggingu

Lögum er ætlað að leysa álitaefni tengd uppgjöri gengistryggðra lána einstaklinga en um það var deilt hvaða uppgjörsaðferðir ætti að leggja til grundvallar og hvort það skyldi gert með lagasetningu, samkomulagi stjórnvalda við lánaþingir eða með málaferlum fyrir dómstólunum.

Lög um breytingar á vörugjaldum af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Um er að ræða kerfisbreytingu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis að því er varðar viðmið skattlagningar með það að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minni losunar gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa.

Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Í fyrsta lagi eru breytingar á lögum um tekjuskatt og

lögum um tekjustofna sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á mál-efnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í öðru lagi eru breytingar sem varða rýmri skattaleg úrræði fyrir fyrirtæki, annars vegar vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda og hins vegar heimildar til greiðsluuppgjörs á gjaldföllum skattaskuldum frá fyrri árum. Í þriðja lagi eru breytingar á lögum um nýsköpunarfyrirtæki til að efla frekar þá starfsemi, auk niðurfellingar hlutabréfaafsláttar. Í fjórða lagi er framlengt bráðabirgðaákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem felur í sér að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verða áfram 15% í stað 10% út árið 2010. Í fimmta lagi eru breytingar á heimildum skattranssóknarstjóra til að einfalda og hraða málsmeðferð gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar. Að lokum er að finna nokkrar breytingar vegna athugasemda frá Eftirlitstofnun EFTA (ESA), tilkomu umhverfisvænna orkugjafa og framlengingar á niðurfellingu stimpilgjalds vegna skilmála-breytinga lána hjá fólki í greiðsluferðleikum.

Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Með lögum er gildandi lögum breytt til samræmis við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2011.

Lög um breytingar á virðisaukaskatti Breytingarnar felast í fyrsta lagi í því að skilgreint er hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og telst þar með ekki til skattskyldrar veltu. Í öðru lagi er að finna ákvæði sem hafa það markmið að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á fjárhæðarmörkum og skilgreiningum og í fjórða lagi er felld niður heimild til endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Þá er loks framlengt til ársloka 2011 heimild til endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða annars vegar og til byggjenda og eigenda húsnæðis hins vegar.

Lög um breytingu á lögum um úrvinnslugjald

Úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækkar.

Lög um mannvirki

Markmið nýju laganna er að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytendavernd, gera stjórnsýslu mannvirkjamála sem skilvirkasta, auka faglega yfirsýn í málaflokknum og tryggja samræmt byggingareftirlit um land allt. Lögin felja m.a. í sér að ný stofnun, Mannvirkjastofnun, tók til starfa 1. janúar 2011. Jafnframt verður Brunamálstofnun lögð niður og ábyrgð á framkvæmd byggingamála færð frá Skipulagsstofnun til Mannvirkjastofnunar.





Betri byggð - Frá óvissu til árangurs

Samtök iðnaðarins stóðu að málþingi í nóvember um byggingamarkaðinn í samstarfi við Félag byggingafulltrúa, Arkitektafélag Íslands og fleiri aðila. Fyrirlesarar fjölluðu um núverandi stöðu og hvaða lærdóm við getum dregið af liðnum árum og hvernig við komumst aftur af stað.

Meistarafélag húsasmiða gengur til liðs við IÐUNA

Samtök iðnaðarins og Meistarafélag húsasmiða gengu frá kaupum þeirra síðarnefndu á tilteknum hlut SI í IÐUNNI fræðslusetri. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, og Baldur Þór Baldvinsson, formaður MH, undirrituðu samninginn. Baldur og Orri eru sam-mála um að á erfiðum tímum sé það

byggingariðnaðinum mikilvægt að standa þétt saman í menntamálum. Að sögn Hildar Elínar Vignis, framkvæmdastjóra IÐUNNAR, gefur samningurinn byggingariðnaðinum tækifæri til þess að efla endurmenntun í greininni.

Fulltrúi MH tekur sæti í stjórn IÐUNNAR frá og með næsta aðalfundi.

Eigendur tveggja fyrirtækja dæmdir fyrir brot á iðnlöggjöfinni

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í október eigendur tveggja fyrirtækja til greiðslu sekta vegna brota á iðnaðarlögum nr. 42/1978. Brotin fólust í því að reka ljósmyndastofu án þess að hafa meistara til forstöðu.

Forsaga málsins er sú að 2009 kærðu tilteknir ljósmyndarar starfsemi nokkurra fyrirtækja til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Var kærán byggð m.a. á því að umædd fyrirtæki væru ekki rekin undir forstöðu meistara í ljósmyndun. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu vísaði málinu frá á grundvelli þess að lögreglan hefði enga lagaheimild til að stöðva reksturinn.

Samtök iðnaðarins, f. h. ljósmyndaranna, kærðu ákvörðun lögreglustjórans um frávisun málsins til ríkissaksóknara og var vísað til þess að iðnréttindi ljósmyndara nytu lögverndar og að brot gegn iðnaðarlögum varðaði sektum. Ríkissaksóknari féllst á kröfu ljósmyndaranna og var lögreglustjóranum gert að rannsaka málið að nýju.

**Félag
hársnyrtifólks
á Austurlandi**



Eftirsjá að góðum félögum

Úrsmiðafélag Íslands og Félag hársnyrtifólks á austurlandi sögðu sig úr SI á síðasta ári. Það er alltaf eftirsjá að góðum félögum og Samtökin óska þeim alls hins besta í framtíðinni. Eftir sem áður standa SI opin hverjum þeim úrsmiðum og hársnyrtum sem óska eftir því að vera félagsmenn.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA.

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi 2010:

Anna María Jónsdóttir, I AM heilsulausnir ehf.
Hilmar V. Pétursson, CCP hf.
Ingvar Kristinsson, Fjölblendir ehf.

Endurvinnsluiðnaður:

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.
Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan hf.

Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan hf.

Heilbrigðisstækniíðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.
Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.
Jón Gunnar Jónsson, Actavis hf.
Sigríður Valgeirsdóttir, Roche NibelGen Iceland LLC,
útbú á Íslandi
Þráinn Þorvaldsson, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Ármann Sigurðsson, Sveinbjörn Sigurðsson ehf.
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Gylfi Gíslason, Jáverk ehf.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari
Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak hf.
Skarphéðinn Ómarsson, Háfell ehf.
Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna
á Norðurlandi.
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara
Þorsteinn V. Sigurðsson, Málameistarafélag Reykjavíkur

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruíðnaður:

Bergþóra Þorkelsdóttir, Lífland - Mjólurfélag Reykjavíkur
Einar Sigurðsson, Mjólkursamsalan

Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.
Sjöfn Sigurgísladóttir, Matís ohf.

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos
Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.
Sölvi Sveinbjörnsson, Umslag ehf.
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf.
Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.
Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf.

Samtök hljóðvera og upptökustjóra:

Barði Jóhannsson, Bang ehf.
Páll Ólafsson, Stúdíó Sýrland ehf.

Samtök heilsuræktarstöðva:

Linda B. Hilmarsdóttir, Heilsudalurinn ehf.

Upplýsingatækniíðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.
Jón Ingi Björnsson, Trackwell Software hf.
Sigurður Eggert Gunnarsson, Gogogic ehf.

Þjónustuiðnaður:

Lárus Karl Ingason, Ljósmynd ehf.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - www.si.is



Breytingar hjá Samtökum iðnaðarins

Samdráttur og efnahagserfiðleikar gera mörgum félagsmönnum SI erfitt fyrir og leiða til verulegs samdráttar í rekstri og gjaldþrota í verstu tilvikum. Á síðustu misserum hefur verið leitað allra leiða til þess að auka þjónustu og baráttu SI fyrir bættum starfsskilyrðum samtímis því að hagræða í eigin rekstri.

Um mitt ár var fækkað um tvo í starfslíði SI þegar Valdís Axarfjörð Snorradóttir og Ásgeir Magnússon hættu störfum. Um leið var skrifstofu Samtakanna á Akureyri lokað.

Þá lét Jón Steindór Valdimarsson af starfi framkvæmdastjóra eftir langt og farsælt starf og við starfi hans tók Orri Hauksson.

Þrátt fyrir breytingar hefur síst dregið úr starfsemi og þjónustu Samtaka iðnaðarins og þess verður gætt að þær breytingar, sem nú var ráðist í, bitni ekki á félagsmönnum, hvorki á Akureyri né annars staðar á landinu. Þvert á móti er ætlunin að efla og bæta þjónustuna en með minni tilkostnaði í mannahaldi og skrifstofurekstri.

Samtök iðnaðarins bjóða nýjan framkvæmdastjóra velkominn til starfa og óska þeim, sem látið hafa af störfum, velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og þeim eru þökkúð vel unnin störf.



Valdís Axarfjörð Snorradóttir hóf störf hjá SI árið 2004 og lét af störfum á árinu. Valdís sinnti afgreiðslu og símvörslu.



Ásgeir Magnússon hóf störf hjá SI árið 1996 og lét af störfum á árinu. Ásgeir veitti forstöðu skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri en skrifstofan var lengst af rekin af SI og SA.



Jón Steindór Valdimarsson lét af starfi framkvæmdastjóra á árinu. Hann hóf störf hjá Félagi Íslenskra Iðnrekenda 1988 síðar Samtökum iðnaðarins lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en síðustu árin sem framkvæmdastjóri.



Orri Hauksson tók við starfi framkvæmdastjóra í ágúst. Hann er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og MBA frá Harvard Business School. Orri hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novators, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans. Orri var aðstoðarmaður forsætisráðherra árin 1997 til 2000.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok



Orri Hauksson
Fram-
kvæmdastjóri



**Jón Bjarni
Gunnarsson**
Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri



**Árni
Jóhannsson**
Forstöðumaður
mannvirkjasviðs



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagfræðingur



**Bryndís
Skúladóttir**
Forstöðumaður
umhverfismála



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Álagning
félagsgjalda
Innheimta,
bókari



Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður
stefnumótunar og
nýsköpunar



**Ferdinand
Hansen**
Verkefnastjóri
gæðamála



**Friðrik
Ólafsson**
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



**Haraldur D.
Nelson**
Forstöðumaður
upplýsingatækni
og prentsviðs



**Ingi Bogi
Bogason**
Forstöðumaður
menntamála



**Ingólfur
Sverrisson**
Forstöðumaður
mál- og
véltækni sviðs



**María
Hallbjörnsdóttir**
Gjaldkeri



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
Forstöðumaður
matvælasviðs



Rakel Pálsdóttir
Forstöðumaður
almannatengsla



**Sigurður B.
Halldórsson**
Lögfræðingur



**Þóra
Guðmundsdóttir**
Móttaka
Innheimta



Þóra Ólafsdóttir
Móttaka
Umbrot

Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100 • Fax 591 0101 • mottaka@si.is • www.si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjórn: Rakel Pálsdóttir

Ljósmyndir: Jóhannes Lond, Odd Stefán

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi